

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 335. fundur

Föstudaginn 29. janúar 2021 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 11:00.

#### Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs.

#### Dagskrá fundar:

1. Staða öryggismála
2. Nýtt leiðanet – Borgarlínan – staðan.
3. Gæðakerfi 2020.
4. Lífeyrissjóðurinn Brú.
5. Fjárhagsáætlun 2021 – 2025
6. Eigendafundur Strætó bs.
7. Önnur mál.

#### Tekið fyrir:

##### 1. Staða öryggismála.

Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs, kynnti stöðu öryggismála, umbótaverkefni og tölfræði tengt öryggi.

Unnið er samkvæmt öryggisstefnu Strætó sem samþykkt var í febrúar 2019. Áhersla er á áframhaldandi mótun öryggismenningar hjá fyrirtækinu og stefnt að slysalausum vinnustað, fækkun tjóna og eflingu fræðslu og forvarna.

##### 2. Nýtt leiðanet – Borgarlínan – staðan.

Ragnheiður Einarsdóttir og Valgerður Benediksdóttir, sérfræðingar hjá Strætó, kynntu stöðuna á vinnu við nýtt leiðanet. Unnið er að því að besta leiðir í nýju samgöngulíkani höfuðborgarsvæðinu sem enn er í þróun og við áfangaskiptingu innleiðingar.

Vinna við þróun og bestun Nýs leiðanets verður áfram í gangi ásamt því að rekstrarforsendur og áætlun Nýs leiðanets eru til yfirferðar.

##### 3. Gæðakerfi 2020.

Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs og gæðasviðs, kynnti tölfræði úr gæða- og ábendingakerfi Strætó fyrir árið 2020. Ábendingum notenda hefur fækkað mikið frá árinu 2019 sem má að hluta til skýra af minna umfangi aksturs á árinu 2020 vegna Covid-19 faraldursins.

Vinna umbótaþóps þjónustu og umbótaþóps leiða sem stofnaðir voru á árinu 2019 er stöðugt í gangi.

#### 4. Lífeyrissjóðurinn Brú.

---

Fyrir fundinum lágu drög lögmanns Strætó, dags. 27.01.2021, að svarbréfi félagsins við bréfum Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar frá 08.12.2020 og 20.01.2021 þar sem Strætó bs. var krafð um greiðslu fjárhæðar vegna áfallinna lífeyrissjóðsskuldbindinga starfsmanna Strætó bs. á árabílinu 2017-2019.

Stjórn er sammála þeim sjónarmiðum sem fram eru sett í bréfi lögmannsins og samþykkir að svarbréfið skuli sent.

#### 5. Fjárhagsáætlun 2021 - 2025.

---

Áframhaldandi umræður um fjárhagsstöðu Strætó og hvaða mótvægisáðgerða hefur verið gripið til vegna minnkandi handbærs fjár. Kynnt var fjármálagreining sem KPMG vann fyrir stjórn, dags. 25.01.2021.

Fjárhagsleg staða Strætó bs. og fjárvöntun félagsins, sem til umfjöllunar hefur verið hjá stjórn á undanförunum stjórnarfundum og sem kynnt hefur verið eigendum, verður til umfjöllunar á eigendafundi byggðasamlagsins sem boðað hefur verið til í næstu viku.

#### 6. Eigendafundur Strætó bs.

---

Boðað hefur verið til eigendafundar Strætó í næstu viku þar sem fjallað verður um fjárhagsstöðu Strætó og fjárhagsáætlun ársins 2021.

#### 7. Önnur mál

---

Fundi slitið kl. 13:00.

**Fylgiskjöl:** Staða öryggismála, Ábendingar og gæðamál. Nýtt leiðanet

---

Hjálmar Sveinsson

---

Karen Halldórsdóttir

---

Helga Ingólfssdóttir

---

Ásgeir Sveinsson

---

Sigrún Edda Jónsdóttir

---

Gunnar Valur Gíslason